



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Kennsluáætlun 2019-2020

Fag: stærðfærði, í 2. bekk haustönn, vetur og vorönn 2019-2020

Bekkur/samkennsluhópur: 1. bekkur er alltaf með 2. bekkur alla stærðfræðitíma í vetur.

Kennari/kennarar: Unnur Óskarsdóttir

Fjöldi kennslustunda í faginu á viku: 6+/-

Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið: 27 heilar kennsluvikur eru á árinu svo $7 \cdot 27 = 189$ + (10 skertar vikur með ýmsit einn eða tvo frídaga * 3-4-5 stundir á viku) = 21, 28, 35 stundir sem þýðir $189+21=210$, 217, 224-?

Tímabil: Haustönn 2017 22. ágúst – 19. nóvember. Vetrarönn 20. nóv til 24. febrúar. Vorönn 25. febr – 4. júní.

Efni/þema sem tekið er fyrir á haustönn, að vera saman í skólastofunni, bærinn okkar, haustið, fjöll og tröll. Nemendur vinna það sem þau eiga ef til vill eftir í sprota 2a frá fyrra ári. Farið er í samhverfar myndir og unnið út frá því verkefni í sprota 2b. Vetrarönn tölurnar einn til og með 100 rifjaðar upp svo leggjum við inn verkefni sem tengist oddatölum og sléttum tölum ásamt tvöfalt meira og helmingi minna bls 14 til og með 66 sproti 2b og æfingahefti 2b fyrir þau sem vilja geta tekið þá bók með heim. Þá fara þau í samþætt verkefni sem er tíu lítill kenjakrakkar með áherslu á formin og afstöðuhugtök + mannlýsingar. Þar með vinnum við kaflann um flatarmál. Fyrir áramót á vetrarönn eru þau einnig að vinna með raðtölur í jólasveinapema. Í janúar ljúkum við svo vetrarönn með klukkuverkefni á þar sem við rifjum upp kafla úr 1. bekk og bætum við ljósriti. Vinnu með formin áfram og þau kynnast rökkubbum er næst á dagskrá og blaðsíður 108 til 128 unnið samþætt því. Þemu á vetrarönn eru einnig tengd inni svo sem Jói og baunagrasið, mælingar á eigin líkama. Allir kynnast skemmtilegum verkefnum í stærðfærðispæjarinn sem er þrautabók. Á vorönn er unnið með þær síður sem eftir eru í bókinni, og farið rækilega í og yfir samlagningu með tuglatölur og einnig í frádrátt með tugatölum. Hundraðtaflan er skoðuð, þá tengjum við einnig veið mælingar úti á skólalóð þegar vorar. Allan veturinn eru ýmiss öpp sem hægt er að æfa reikning og rökhugsun, svo sem math splash, öpp frá dragonbox og spil eins og kasína, yatzy og önnur teningaspil sem efla rökhugsun nemenda og reikniaðgerðir í hugarreikningi.

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð)

Þættir úr stærðfræðistefnu Seyðisfjarðarskóla sem eru markmið skólans.

-virka hlustun

-Að vinna með öðrum, paravinna, hópavinna= að spila við aðra og eiga samskipti með stærðfræði í töluðu máli.

-Að vinna við hlið annara

-geti talið örugglega upp fyrir 50 á haustönn, og framm og aftur frá 21.

-geti talið örugglega upp fyrir 80 á vetrarönn, og framm og aftur frá 20 - 33.

-geti talið örugglega upp fyrir 100 á vorönn, og framm og aftur frá 90 - 113.

-geti flokkað form og nefnt hluti sem eru ferningur, hringur, þríhyrningur, ferhyrningur, sívalingur, sexhyrningur.

-Heyri þegar talið er á tugum og þekki hugtökin, þegar talið er í einingum og þegar hoppað er á 2 3 eða jafnvel 5.

-Tillitsemi við aðra nemendur

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

-geti tjáð sig frammi fyrir fleiri nemendum um það sem þau eru að gera í stærðfræði hverju sinni.

-Geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara og starfsfólks

-geti farið eftir sjónrænum fyrirmælum sem hafa verið útskýrð fyrir nemendum

- Unnið með öðrum nemendum svo sem við spil og að skiptast á

- að leggja saman einingatölur

- að draga frá einingatölur

- að leggja saman tugatölu og einingatölu

Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

—Að sýna virka hlustun í tímum og fara eftir fyrirmælum.

- Vinni við það efni sem kennari er að fara yfir í tíma og sinni því í smá stund ein og óstudd.

Markvisst er unnið með eftirfarandi grunnstoðir menntunar í kennslu og efnistöfum

Grunnþáttur	Dæmi um verkefni eða nálgun á tímabilinu í faginu (hvernig)	Virkt beint	Óbeint
Læsi	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Mikilvægi þess að vera læs er brýnt fyrir nemendum þar sem þau þurfa að geta lesið fyrirmæli í námsbókum í stærðfræði. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi-hvað þýðir það að vera læs og er hægt að vera læs á margan hátt! Að vera læs á tölur er rætt við nemendur.	X	
Sköpun	Nemendur vinna verkefni um brýr, þar sem þeir þurfa að hjálpast að tveir og tveir með ákveðna hluti (kubba af ýmsum gerðum) spil,	X	X
Lýðræði	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er		X

Mannréttindi	nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.		
Jafnrétti	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.		X
Heilbrigði og velferð	Seyðisfjarðarskóli er heilsueflandi skóli svo út úr hverju þema, sögu sem unnið er með eru nemendur hvattir til að skoða hvað við getum lært um heilbrigði og velferð. Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.	X	X
Sjálfbærni	Þegar það kemur fyrir í sögum og þemum sem unnið er með er nemendum bent á hvað átt er við. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.		X

Markvisst og reglulega er unnið með eftirfarandi lykilhæfni í kennslu og efnistöku

Lykilhæfni nemenda	Dæmi um útfærslu sem nýtt verður
Tjáning	Daglega er unnið með tjáningu í einverju formi. Nemendur fá þjálfun í því hvernig þeir haga sér þegar einn tjáir sig í einu. Svo sem þegar nemendur hlusta á frásagnir hvers annars. Æfa sig í að segja frá hugmyndum sínum. Þegar nemendur segja frá tilfinningum sínum. Verkefni eins og form sem þarf að útskýra/segja frá=rökkubbar, að segja frá uppáhalds leikfangi og lýsa því, fjölskyldan mín eru notuð í þessa þjálfun. Umræður daglega um hvaða dagur er, mánaðardagur, mánuður. Að hver og einn geti tjáð sig frammi fyrir öðrum um daginn, veðrið og tímann. Um sig sjálf eins og afmælisdag, heimilisfang, símanúmer, skóstærð og fleira sem er hægt að telja.
Hlustun	Daglega er unnið með hlustun á einhvern hátt. Nemendur hlusta á upplestur, þau læra hvað virk hlustun þýðir, hlusta á útskýringar hvers annars, hlusta á fyrirmæli kennara og starfsfólks. Hlusta á spurningar samnemenda. Æfa sig í að hlusta á Sal.
Miðlun upplýsinga og þekkingar	Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi. Þá er þema sem unnið er með hverju sinni notað til að miðla til annara á þann hátt sem hvert og eitt barn er fært um. Þá fá nemendur tækifæri á að fræða hvert annað um sínar eigin upplifanir eins og í gegnum sögudós. Uppáhalds leikfang, uppáhalds bók ofl. Vinnu með áhugamál hvers og eins. Uppáhalds leikfang og að segja frá fjölskyldunni sinni.
Skapandi úrvinnsla	Í annarri hverri viku svona sirka eru nemendu að vinna úr texta sem þeir hafa lesið eða lesið hefur verið fyrir þau, með því að leika, segja frá, sýna, ofl, talnaskilningur og hugtök tengd afstöðu koma meðal annar þar inn.
Gagnrýnin hugsun	Nemendur hvattir til að segja frá sinni eigin upplifun og hvort hægt sé að

	gera eitthvað sem unnið er með á annan hátt. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi. Þá er þema sem unnið er með hverju sinni notað til að miðla til annara á þann hátt sem hvert og eitt barn er fært um
Sjálfstæði	Í stærðfræði þurfa nemendur að geta unnið sjálfstætt eftir innlögn kennara, þeir þurfa að geta lesið sjálfir fyrirmæli og unnið eftir þeim. Einnig er mikið spilað í stærðfræði og þar þurfa nemendur að treysta á eigið sjálfstæði.
Samvinna	Mikið er unnið á stöðvum með spil og töfl, yatzy, kasínu, að mæla og þá er samvinna mjög virk, nemendur vinna í pörum, litlum hópum 3 – 4 saman, við spil, ofangreind verkefni og fleiri.
Nýting miðla og upplýsinga	Veftorg í stærðfræði er notað, smáforrit sem við eigum í I-pöðum, fréttir á netinu.
Ábyrgð á eigin námi	Nemendur gera til að byrja með áætlun með kennara sem smá saman verður að þeirra eigin, þeir bera ábyrgð fyrst og fremst á eigin hegðun í tímum og að þeir virði það að samnemendur þeirra eru í skóla til að læra. Allir þurfa að sinna vinnu sinni í stærðfræði bókum sem nemur amk 5 bls á viku allt skólaárið.
Seigla/úthald	Tekur á sig ýmsar myndir í stærðfræðikennslu. Að gefast ekki upp þó lausnin komi ekki til þeirra sjálfkrafa, að þau læri að leita lausna. Þetta læra nemendur meðal annar með því að hlusta á sögu, að hafa úthald í að hlusta. Að hafa úthald í að hlusta á samnemendur til enda án þess að grípa frammi þegar þeir segja frá.
Mat á eigin námi	Nemendur gera sjálfsmat um mörg hver þau verkefni sem unnið er með í Byrjendalæsi og sum þeirra eru mjög samþætt við stærðfræði til að byrja með er þetta upprifjun með umsjónarkennara smá saman verða nemendur færari á að meta eigin vinnu út frá sjálfum sér. Að einhverju leiti er þetta vinna með orðskýringar á þessu aldurstigi.

Helstu kennsluaðferðir

Stærðfræði byggð á skilningi barna, þar sem þau verða að geta með eigin orðum sagt hvað þau eru að gera og af hverju.

Sjálfstæð vinna samkvæmt skriflegum fyrirmælum

Unnið að lausn orðadæma, gáta og þrauta

Leikræn tjáning

- | | |
|--|------------------------------|
| (X) Útlistunarkennsla | () Útikennsla/útinám |
| (X) Pulunám/þjálfunaræfingar | (X) Söguaðferð |
| (X) Innlifunaraðferðir. T.d. leiklist í kennslu og hlutverkaleikir | |
| () Umræða/spurnaraðferðir | () Kann, vill vita hef lært |
| () Leitarnám | (X) Hópavinna |

Spil/námsleikir

Samvinnunám

Annað

Hvað?

Þemanám

Verklegr kennsla (LBD)

Samþætt markvisst við aðrar námsgrein

Hvaða? íslensku, talað mál, hlustun, samfélagsfræði, náttúruvísindi, upplýsingamennt.

Heimanám:

Daglega 2-3 sinnum í viku 1 sinni í viku 1 sinni til tvisvar í mánuði

Nánast ekkert Frjálst/ nemendastýrt Ekkert heimanám

Námsmat: Eftirfarandi skimanir og próf verða löggð fyrir nemendur: eftir hvern kafla í sprota eru kaflapróf og eftir hverja bók eru líka tekin próf. Verklegrar æfingar eru einnig þar sem nemendur þurfa að sýna kennara hvernig þeir nota, reglustiku til að mæla, klukku til að mæla tíma, skeiðklukku í paralestri, segja hvenær þau eiga afmæli, hvar þau eiga heima ofl þess háttar að þekkja amk eitt símanúmer foreldra.

Hlutfall sjálfsmats: Nemendur æfa sig í að gera sjálfsmat. Hefur 20% vægi á haustönn, vetrarönn og vorönn.

Hlutfall símats kennara: símat byggir á könnunum sem koma eftir hvern kafla í sprota. Munnleg próf í hverjum mánuði um hluti sem tengjast stærðfræði, svo sem talnagrind, reglustiku, klukku, reiknivél, ofl.

Hlutfall lokamats: Lokamat byggir á öllum ofangreindum prófum og könnunum sem lagðar eru fyrir í lok annar.

Stærðfræðibækur,

Leiðsagnarmat nýtt: já () Nei ()

Helstu námsgögn/ námsveitur/ aðföng: Sproti 2a lokið og svo er unnið með sproti 2b sem aðalefni, þó eru nemendur ekki stoppaðir af ef kunnátta þeirra gerir þeim kleift að halda áfram er þau markvisst hvött til þess. Þá er einnig unnið með ákveðið þema hverja önn þar sem stærðfræði er munnlega og einnig skriflega tengd við, svo sem fjöllin í Seyðisfirði og þá finnum við út hæð þeirra ofl. Öpp, leikir, spil. 1000 bóka veisla felst í því að safna þúsund bókamiðum til að halda veislu, í vetur munu nemendur safna 100 miðum í hvert búnt og æfa sig þannig að telja og leika með tölur allt að 1000. Reglulega hjálpast nemendur að við að telja þessa miða og skrá niður.

Umsjónarnemendur hvarrar viku skrá á töflu, mánuð, mánaðardag, og vikudag svo allir megi njóta. Mikið er spilað amk eina stærðfræðikennslustund aðra hverja vikur er spilað.

Undirskrift kennara

Seyðisfjarðarskóli ágúst 2019